



**Byggðaráð Blönduósbæjar - 88. fundur byggðaráðs Blönduósbæjar
haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 31. maí 2017
og hófst kl. 15:00**

Fundinn sátu:

Guðmundur Haukur Jakobsson, formaður, Zophonías Ari Lárusson,
varaformaður, Hörður Ríkharðsson, aðalmaður og Ágúst Þór Bragason, ritari.

Fundargerð ritaði: Ágúst Þór Bragason,

Dagskrá:

1. Samband íslenskra sveitarfélaga - fundargerð 19. maí 2017 - 1705040

Fundargerð Sambands Íslenskra sveitarfélaga lögð fram til kynningar.

2. Farskólinn - fundargerð frá aðalfundi 10. maí 2017 - 1705042

Fundargerð Farskólans lögð fram til kynningar.

3. Veiðifélag Laxár í Skefilsst.hr. - Aðalfundarboð 2017 - 1705044

Boðað er til aðalfundar Veiðifélags Laxár í Skefilsstaðahreppi í Safnaðarheimilinu
Sauðárkróki, laugardaginn 3. júní kl. 13:00.

Lagt fram til kynningar.

4. Gistiheimilið Kiljan ehf - 1705043

Bréf frá MBB lögmannsstofu ehf fyrir hönd Gistiheimilisins Kiljan ehf, kt. 540409 -
0640 vegna tjóns vegna stíflu í fráveitu við Garðabyggð 1.

*Byggðaráð telur að tjónið megi rekja til rangra tenginga fyrrum lóðarhafa og felur
sveitarstjóra og Tæknideild að svara bréfitara.*

5. Framkvæmdir 2017 - 1610001

*Ágúst Þór Bragason, yfirmaður tæknideildar og Katrín Sif Rúnarsdóttir mættu á
fundinn og fóru yfir stöðu framkvæmda og vinnu við nýja heimasíðu hjá sveitarfélaginu.
Í framhaldi af umræðu á fundinum samþykkir byggðaráð að kaupa ærslabelg á
skólalóð og felur tæknideild frekari útfærslu á hugmyndum um leiktæki á skólalóð í
samráði við skólustjórnendur. Framkvæmdir eru hafnar við Hnjúkabyggð 27 þar sem
haldið verður áfram með gluggaskipti og málningu á húsinu. Þá er stefnt að því að
Blönduskóli verði málaður og að sett verði klæðning á Brekkuna í Aðalgötunni. Katrín
Sif sýndi byggðaráði nýja heimasíðu Blönduósbæjar og er vinna við hana langt komin.*

Gert var fundarhlé frá 17:00-18:30



6. Ámundakinn ehf. - Umsókn um lóð - 1611001

Ósk um breytingu á fyrri úthlutun lóðar til félagsins. Óskað er eftir að úthlutað verði Hnjúkabyggð 34 í stað Hnjúkabyggðar 38.

Á fundi Skipulags-, umhverfis- og umferðarnefndar 31. maí 2017 var tekið fyrir erindi frá Ámundakinn ehf. þar sem sótt var um lóð að Hnjúkabyggð 34 skv. deiliskipulagstillögu í stað Hnjúkabyggðar 38. Í bókun Skipulags-, umhverfis- og umferðarnefndar var tekið jákvætt í erindið og mælt með að byggðaráð úthluti eftirfarandi lóð með fyrirvara um samþykki Skipulagsstofnunar á deiliskipulaginu og auglýsingu þess í B - deild Stjórnartíðinda.

Byggðaráð samþykkir að úthluta Ámundakinn ehf. lóðinni að Hnjúkabyggð 34 í stað Hnjúkabyggðar 38 með fyrirvara um samþykki Skipulagsstofnunar á deiliskipulaginu og auglýsingu þess í B-deild Stjórnartíðinda.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:00

Guðmundur Haukur Jakobsson

Zophonías Ari Lárusson

Hörður Ríkharðsson

Ágúst Þór Bragason
